

Alsherjarnefnd Alþingis  
bt. Evu Margrétar Ævarsdóttur

Alþingi  
Erindi nr. P 125/658  
komudagur 18.1. 2000

Efni: Umsögn um frumvarp á þskj. nr.155 um afnáms gjalds á menn utan trúfélaga.

SARK, Samtök um aðskilnað ríkis og kirkju, hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um afnám gjalds á menn utan trúfélaga.

Að mati SARK er hér hreyft mikilsverðu máli, þar sem um er að ræða afnám á sérstakri skattheimtu til Háskóla Íslands af þeim sem annaðhvort eru utan trúfélaga eða tilheyra trúfélagi sem ekki hefur fengið skráningu.

Í stefnuskrá SARK segir:


Samtökin tekja innheimtu ríkisins á sóknargjöldum viðunandi því aðeins að öll trúfélög fái sömu kjör og kirkjan. Fólki utan trúfélaga verði tryggður réttur til að ákveða sjálf til hvaða félags eða stofnunar gjald það rennur sem greitt er í stað sóknargjalda. Gjöld þeirra sem ekki nýta sér þennan rétt renni til háskólafræðslu í landinu.

Í samræmi við þetta telja samtökin að forsendur fyrir innheimtu ríkisins á sóknargjöldum séu: 1) Að fullt jafnræði verði tryggt meðal trúfélaga. 2) Að menn eigi það ekki undir ákvörðunum stjórnvalda hvort félög sem þeir stofna í þeim tilgangi að rækja trú sína séu skráð sem trúfélög. 3) Að þeir sem kjósa að standa utan trúfélaga ákveði sjálfir hvernig þeim peningum sé varið sem aflað er með þessari skattheimtu. Ekkert ofangreindara skilyrða er fyrir hendi.

Við þessar aðstæður telja samtökin það með öllu óeðlilegt að þeir sem eru utan skráðra trúfélaga greiði sérstakan skatt til Háskóla Íslands og mæla með því að frumvarpið verði samþykkt.

Reykjavík 14. janúar 2000

F.h. SARK



Páll Halldórsson